


Varðar: Hólaland, fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. febrúar 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. febrúar 2023 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður færanlegt húsnaði (gámar frá Terra) sem verður æfingaraðstaða fyrir vinnuþjálfun og líkamsrækt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.


Skipulagsleg staða

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er landnotkun á svæðinu skilgreind sem Opið svæði (OP31), sbr. skipulagsreglugerð en á slíkum svæðum er einkum gert ráð fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar. (gr. 6.2.1. í skipulagsreglugerð).

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hólaland, samþykkt í Borgarráði 14. mars 2019 en þar segir um landnotkun að gert er ráð fyrir einni lóð á skipulagssvæðinu sem er 4,9 ha á stærð sem rúmar sambýli á byggingarreit og núverandi refahús.



Byggingarreitur í deiliskipulagi.



Grunnmynd fyrirhugaðrar byggingar.

Niðurstaða

Erindið samræmist ekki deiliskipulagi en afmarka þarf nýjan byggingarreit fyrir fyrirhugaða byggingu. Jafnframt þarf að fella út útlínur og skilgreiningu refahúss á uppdrætti og greinargerð.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

